



Til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins
Frá Vinum Þjórsárvera

Efni: Athugasemdir við drög að friðlýsingarskilmálum vegna stækkunar friðlandsins í Þjórsárverum.

21. september 2017

Stjórn félagsins fagnar framkomnum drögum að friðlýsingarskilmálum vegna stækkunar friðlandsins í Þjórsárverum. Nái þessar tillögur fram að ganga er tekið mikilvægt skref til að bæta vernd svæðis sem býr yfir mikilli náttúruvegur og er ein verðmætasta náttúruarleið þjóðarinnar.

En þó eru nokkrir annmarkar á. Stjórn félagsins óskar því eftir það koma á framfæri eftirfarandi ábendingum:

3.gr Mörk verndarsvæðisins.

- Við leggjum til að mörk friðlandsins sunna Hofsjökuls nái lengra niður með Þjórsá og nái yfir fossa árinna (Kjálkaversfoss, Dynk, Gljúfurleitarfoss) ásamt gróðurlendum með ánni að Sultartangalóni.

Þau mörk sem koma fram í auglýsingunni eru ekki ásættanleg og ekki í samræmi við niðurstöðu rammaáætlunar II, lög og ákvarðanir Alþingis.

Í fyrsta lagi segir í 4. mgr. 6. gr. laga um verndar- og orkunýtingar áætlun nr. 48/2011 að „Stjórnvöld skulu þegar Alþingi hefur samþykkt verndar- og nýtingaráætlun hefja undirbúning að friðlýsingu landssvæða sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu samkvæmt verndarflokki áætlunarinnar“. Í VI. kafla almennra athugasemda í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að virkjunarsvæði í vatnsafli miðist við allt vatnasvið fallvatns ofan þeirrar virkjunar sem nýtir fallið og farveg fallsvatnsins neðan virkjunar.

Í öðru lagi eru virkjanasvæði skilgreind í kafla 3.2.1. í Niðurstöðum 2. áfanga rammaáætlunar, frá því í júní 2011. Þar segir um afmörkun svæða á bls. 48:

„Svæði sem til greina koma vegna vatnsaflsvirkjana voru afmörkuð þannig að miðað var við vatnasvið ofan fyrirhugaðra stíflumannvirkja en þar fyrir neðan var aðeins tekinn meginfarvegurinn og næsta nágrenni hans (100-500 m út frá miðlínu eftir aðstæðum, sjá Kort 3.1). Þetta gildi fyrir öll viðföng nema fiska en náttúruverðmæti þeirra og áhrif á þá

*voru einnig metin í fiskgengum þverám neðan stíflumannvirkja. Menningarminjar voru teknar með ef hluti minjaheildar var innan 100 m beltis frá meginfarvegi. Við ósa sumra stórflyóta eru flæðiengjar, frjósöm og lífrík votlendisvistkerfi sem eru órjúfanlega tengd vatni, framburði og flóðum í vatnsfallinu og geta raskast við framkvæmdir sem breyta rennslismynstri og framburði. Slík votlendisvistkerfi voru tekin með í verðmæta- og áhrifamati og var þá miðað við útbreiðslu gulstarar (*Carex lyngbyeii*) sem er einkennistegund flæðiengja. Þar sem sjónræn áhrif náðu út fyrir vatnasvið réðu þau hvernig afmörkun var dregin fyrir víðerni og landslag en ekki fyrir aðra þætti.“ (áherslubr. undirr.)*

Leggja ber áherslu á að skýrsla um „Niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar“ sýndi niðurstöður verkefnisstjórnar um rammaáætlun, þ.e. þess sérfræðingahóps sem vann þá grunnvinnu sem þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða byggði á. Ljóst er því að byggja verður á framangreindri skýringu um virkjanasvæði þegar inntak þess hugtaks er túlkað.

Í þriðja lagi verður að líta til athugasemda við þingsályktunartillögu um verndar- og orkunýtingaráætlun (þskj. 1165 – 727. mál, löggj.þ. 2011-2012). Í kafla 5.1 um rökstuðning hvers virkjunarkosts er tekið fram við Norðlingaölduveitu, 566-567,5 m.y.s., að ástæður þess að svæðið falli í verndarflokk séu eftirfarandi áhrif ef virkjað yrði á svæðinu:

„Felur í sér röskun vestan Þjórsár á lítt snortnu landi í jaðri Þjórsárvera, auk áhrifa á sérstæða fossa í Þjórsá. Kvíslaveitur hafa nú þegar virkjað þverár sem falla í Þjórsá að austan, en kvíslum vestan ár hefur verið hlíft. Virkjunarkostur sem liggur á jaðri svæðis með hátt verndargildi sem menn eru sammála um að eigi að njóta friðunar. Mannvirki rétt við friðland yrðu til lýta. Því þykir rétt að vernd á svæðinu verði látin hafa forgang.“ (áherslubr. undirr.)

Þessu til viðbótar er einnig rétt að benda á náttúruverndaráætlun 2004-2008 þar sem greinilega kemur fram að farvegur efri hluta Þjórsár að Sultartangalóni er skilgreindur sem hluti áformaðrar friðlýsingar. Í náttúruverndaráætlun 2009-2013 má einning glöggt sjá hvernig ber að skilgreina mörk friðlandsins, sbr. þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013 (þskj. 239-192. mál, löggj.þ. 2008-2009).

Með tilvísan í ofangreind rök krefst félagið Vinir Þjórsárvera þess að framtíðar mörk friðlandsins í Þjórsárverum verði byggð á þar að lútandi lögum, þingsályktunartillögu og lögskýringargögnum, sem tilgreina farveg efri hluta Þjórsár og fossana sem hluta hins verndaða svæðis, og verði jafnframt í samræmi við náttúruverndaráætlun 2004-08 og 2009-2013.

4. gr. Umsjón með hinu friðlýsta svæði.

- Í ráðgjafanefndinni þurfa einnig að sitja fulltrúar frjálsra félagasamtaka á sviði

náttúruverndar og félagsins Vina Þjórsárvera.

5. gr. Stjórnunar- og verndaráætlun.

- Tilgreina ber í fjárlögum sérstaka fjárveitingu til að hafa umsjón með friðlandinu í Þjórsárverum.

12. gr. *Umferð í friðlandinu*

- Ekki ætti að vera hægt að fá undanþágu frá banni við umferð í náglægð við varplönd heiðargæsa á tímabilinu 1. maí til 20. júní. Heiðargæsin á undantekningarlaust að njóta friðar á þessum tíma auk þess sem jörð er enn vot og viðkvæm á þessum árstíma og aukin hætta er á gróðurskemmdum.
- Ferðahópar bæði gangandi og ríðandi manna ættu að fá leiðbeiningar um för sína um friðlandið eða leiðsögn.
- Mikilvægt er að huga að burðargetu svæðisins bæði hvað varðar för göngufólks og ríðandi manna. Möguleiki þarf að vera til að seta ítölu fyrir vissar reið- og gönguleiðir ef þörf krefur.

Um umferð ríðandi manna:

- Inn á kortið vantar hina hefðbundnu reiðleið úr Tjarnaveri inn Oddkelsver, Illaver og upp í Arnarfellsmúla.
- Loka þarf "reiðleiðinni" úr Arnarfelli og austur yfir Þjórsá þar sem hún er ekki hættulaus, gróður er viðkvæmur auk þess sem þetta er ekki forn né hefðbundin reiðleið. Því ætti ekki að sýna hana á korti. Hin forna reiðleið liggur yfir Þjórsá á Sóleyjarhöfðavaði.
- Ekki ætti leyfa ferðamönnum að ríða eftir Arnarfellsmúlum og þarf að færa reiðleiðina upp á melana fyrir ofan. Þar mætti setja upp hestahólf svo menn geti gangið niður í Múlana sjálfa og skoðað þá. Göturnar hafa láitð á sjá. Fjallmenn ættu þó að halda sínum hefðbundnu venjum enda er þá um fá hross að ræða og farið að hausta þegar smalað er.
- Ferðir sem farnar eru í atvinnuskyni ættu að sækja um heimild til að fara um friðlandið.
- Nauðsynlegt er að loka gömlum vegslóða inn í Tjarnaver að Bólstað og yfir Sólaeyjarhöfðavað. Þann slóða ætti ekki að skilgreina sem veg þar sem hann er mjög illa farinn og umferð bíla hefur stórskaðað landið síðustu árin. Þessi slóði var notaður til að flytja trúss fjallmanna þegar gist var á Bólstað en árið 1985 var náttstaður fluttur mun sunnar í Tjarnaver svo engin á lengur erindi á vélknúnum ökutæknum inn að Bólstað. Ef sá illa farni slóði er settur á kort og skilgreindur sem

vegur verður að laga hann og brúa ós framarlega í verinu. Þá er sjálfgefið að banna umferð vélknúinna ökutækja yfir hið forna Sóleyjarhöfðavað, það er hestavað en menn hafa í seinni tíð ekið þar yfir á bílum án þess að fyrir því sé nokkur heimild.

13. gr. Refa- og minnkaveiðar

- Ástæða er til að takmarka veiðarnar við einhver mörk. Stór, setin greini eru bæði í Grensöldu í Oddkelsveri og í Þúfuveri sem hafa verndargildi og ber því að vernda fyrir refaveiðum.

14. gr. Undanþágur frá banni við akstri utan vega.

Þar segir: „Umhverfisstofnun er heimilt að veita undanþágu frá banni við akstri utan vega vegna rannsókna og verndaraðgerða að fenginni umsögn og Náttúrfræðistofnunar“

- Ekki er undir nokkrum kringumstæðum forsvaranlegt að leyfa akstur utan vega víðast í Þjórsárverum, jafnvel þó um rannsóknir eða verndunaraðgerðir sé að ræða. Á þetta sérstaklega við um eftirfarandi svæði: Nauthaga, Jökulkrika, Illaver, Oddkelsver, Arnarfellsmúla, Múlaver, Arnarfellsver og á svæðinu við Arnarfell. Við rannsóknir verður að fara á hestum, ganga eða nota þyrlu, þurfi að flytja mikinn farangur.

Öll umferð á þessu svæði þegar jörð er ófrosin og auð býður heim hættu á gróður- og jarðvegsskemmdum sem nær ómögulegt er að laga. Komi upp sú staða að verndaraðgerðir séu taldar nauðsynlegar þá verður það að byggjast á faglegu vönduðu mati fleiri aðila en hér eru taldir upp.

Með vinsemd og virðingu.

f.h. Vina Þjórsárvera

Sigbrúður Jónsdóttir, formaður

Afrit:

Landvernd

Náttúruverndarsamtök Íslands

Náttúruverndarsamtök Suðurlands